

AUGLÝSING

um deiliskipulag urðunarstaðar í Þernunesi, Fjarðabyggð.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkti á fundi sínum 7. apríl 2016 deiliskipulag urðunarstaðar í Þernunesi.

Deiliskipulagstillagan afmarkar um 31,1 ha svæði í landi Þernuness þar sem gert er ráð fyrir urðun á allt að 4.000 tonnum á ári á tveimur urðunarsvæðum, Mýrdal annars vegar, þar sem gert er ráð fyrir að urða almennan úrgang, og Auratúni hins vegar, þar sem timbur og óvirkur úrgangur er urðaður. Aðkoma er frá Vattarnesvegi (955).

Deiliskipulagið var auglýst samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög gera ráð fyrir.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Fjarðabyggð, 24. ágúst 2016.

Páll Björgvin Guðmundsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 8. september 2016